

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

MENNINGAR- OG TÓMSTUNÐARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

Mánudagurinn 23. maí 2011 kl. 9:00 kom Menningar- og tómsundaráð Húnaþings vestra saman til 98. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá.

1. Umræður um gerð menningarstefnu Húnaþings vestra.
2. Drög að vinnuskema fyrir Menningar- og tómsundaráð.
3. Mál frá Íþróttá- og tómsundafulltrúa.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Áfram unnið að drögum fyrir Menningarstefnu Húnaþings vestra, Guðrúnu Láru og Hrafnhildi Ýr falið að taka gögnin saman og leggja fyrir næsta fund.
2. Drög að vinnuskema fyrir Menningar- og tómsundaráð lagt fyrir og rætt, ákveðið að halda þeirri vinnu áfram og afgreiða á næsta fundi.
3. Íþróttá- og tómsundafulltrúi fór yfir nokkur mál, m.a. fastráðningar, sumarstarfsmenn og öryggisatriði í Íþróttamiðstöðinni, landsmót 50+ ofl.
4. Rakel vekur athygli á að mikil eftirspurn er eftir listamannaíbúðum t.d. á Skagaströnd og Siglufirði og hvort þetta sé eitthvað sem Húnaþing vestra ætti að huga að.

Næsti fundur ráðsins eftir sumarleyfi verður 22.ágúst nk.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 10:20.

Guðmundur Íseld(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.),
Pétur Arnarson(sign.),

Halldór Sigfússon(sign.),
Guðrún Lára Magnúsdóttir(sign.),
Karólína Gunnarsdóttir(sign.).